

Mál nr. 383/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Túlkun vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 16. nóvember 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 8. desember 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. desember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 15. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að veski í eigu M hafi verið stolið, og virðist ekki deilt um að bótaskylda úr greiðslukortatryggingu M hjá V sé fyrir hendi. Aðila greinir hins vegar á um hvort bætur skuli greiddar vegna tvennra sólgleraugna sem í veskinu voru. Samkvæmt tölvupósti V til M, dags. 25. október 2022, byggir V á gr. 5.2.8 í viðeigandi skilmálum en þar komi fram að tjón á gleraugum vegna þjófnaðar bætist ekki og því falli umrætt tjón utan gildissviðs vátryggingarinnar. M byggir á því að um sé að ræða undanþáguákvæði sem skýra beri þröngt, og sé um vafa að ræða hljóti vátryggður að njóta hans. Sólgleraugu eða önnur gleraugu sem ekki séu hefðbundin sjóngleraugu, þ.e. hjálpartæki, falli einfaldlega ekki undir ákvæðið skv. orðalagi þess, og ekki sé tilefni til að túlka „gleraugu“ svo vítt að nái til þeirra. M vísar þá til ýmissa réttarheimilda sem taki til gleraugna og í engum tilvikum taki þær til sólgleraugna. Þar sem lög og reglugerðir er varða gleraugu taki ekki til sólgleraugna ætti skilmálar V heldur ekki að gera það. Sólgleraugu eigi meira skylt við skartgripni en hjálpartæki og beri að skoða umrætt skilmálaákvæði í því ljósi. Þá vísar M til skilmála annarra vátrygginga þar sem gleraugu komi til umfjöllunar, og megi sjá af þeim að með „gleraugum“ sé aðeins átt við hefðbundin sjóngleraugu, þ.e. hjálpartæki, en ekki t.a.m. sól- eða sundgleraugu. V hafi þá verið í lófa lagið að orða skilmála sína með þeim hætti að ljóst sé til hvaða muna vátryggingin taki.

V byggir hins vegar á því að samkvæmt skýru orðalagi sínu taki skilmálaákvæðið til allra tegunda gleraugna og sólgleraugna, sem notuð séu til að verjast sterku sólarljósi, séu einfaldlega ein tegund gleraugna. Skipti tilvísanir M til laga, reglugerða og annarra skilmála félagsins eða annarra vátryggingafélaga ekki máli í því samhengi, enda nægi að horfa til orðalags skilmálans og túlka „gleraugu“ með almennum hætti. Sé bótaskylda vegna sólgleraugna M því ekki fyrir hendi.

Álit.

Í 5. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála um farangur og tafir kemur fram að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum vegna t.a.m. þjófnaðar en ágreiningslaust er í málinu að tjón M sé að rekja til þjófnaðar. Í gr. 5.2 er þá fjallað um takmarkanir á bótaskyldu vegna slíks tjóns, og segir í gr. 5.2.8 að meðal þess sem ekki er bætt sé „Tjón á gleraugum vegna þjófnaðar, ráns eða innbrots“. Það er mat nefndarinnar að færa megi rök fyrir því að „gleraugu“ taki aðeins til hefðbundinna sjóngleraugna, enda sé hefð fyrir því að tala ella um „sólgleraugu“, „sundgleraugu“, „öryggisgleraugu“ og svo framvegis. Af gögnum málsins má ráða að sólgleraugu þau sem voru í veski M hafi ekki verið með styrk og því ekki hjálpartæki, heldur hafi þeim aðeins verið ætlað að veita vörn gegn sólarljósi. Verða þá sólgleraugu að teljast eðlilegur hluti farangurs og eðlilegt að þau séu geymd í veski eða tösku þegar þau eru ekki í notkun. Þar sem er, samkvæmt framansögðu, um farangurstryggingu að ræða, verður jafnframt að gera kröfu um að undanþáguákvæði séu orðuð með skýrum og afdráttarlausum hætti sé ætlunin að undanskilja ákveðna hluti sem teljast til hefðbundins farangurs. Um einhliða samda skilmála er að ræða og allan vafa sem rís um túlkun þeirra ber að túlka neytanda í hag, sbr. 1. mgr. 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936. Hafi V ætlað umræddri undanþágu að ná til annarra hluta en hefðbundinna „gleraugna“, hefði því enda verið í lófa lagið að orða umrætt ákvæði með skýrari hætti.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir